

Borgarbyggð
Póra Margrét Júlíusdóttir
Digranesgötu 2
310 Borgarnes

Reykjavík, 5. júní 2023
UST202305-214/A.B.
10.04.00

Efni: Umsögn - Grenndarkynning - Byggingaleyfi - vinnustofa á Grjóteyri

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 17. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um fyrirhugaða framkvæmd á Grjóteyri 2.

Í erindinu kemur fram að um er að ræða byggingaráform og byggingarleyfi fyrir vinnustofu, ein hæð og ris, á Grjóteyri 2 þar sem húsið verður alls 115,6 m². Auk þess kemur fram að ekkert deiliskipulag er á svæðinu og er það að hluta innan friðlands Andakíls.

Andakíll

Umhverfisstofnun bendir á að byggingaráformin eru innan friðlands Andakíls. Hvanneyri var fyrst friðlýst sem búsvæði árið 2002 en árið 2011 var búsvæðið stækkað og fékk nafnið Andakíll. Markmið friðlýsingarinnar er að stuðla að varðveislu og viðhaldi náttúrulegs ástands fjölbreytts votlendis og búsvæða fjölmargra fuglategunda. Einnig er með friðlýsingunni tryggt aðgengi almennings að landsvæðinu til náttúruskoðunar og fræðslu. Ennfremur er markmið friðlýsingarinnar að tryggja möguleika á rannsóknum og vöktun á lífríki svæðisins með áherslu á búsvæði fugla og votlendi. Fyrirhuguð bygging er á núverandi bæjartorfu.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að samkvæmt 8. gr. auglýsingar nr. 338/2011 um verndun búsvæðis fugla í Andakíl segir að allar framkvæmdir, svo sem nýbyggingar, þar með talið skýli fyrir skepnur og tilheyrandi aðkomuleiðir, eru háðar samþykktu skipulagi hverju sinni.

Leyfisveiting Umhverfisstofnunar

Hér er stofnunin að veita umsögn varðandi verkefnið. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að samkvæmt 8. gr. auglýsingar nr. 338/2011 um verndun búsvæðis fugla í Andakíl þarf leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda þar sem hætta er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum. Allar framkvæmdir sem heimilaðar verða skv. 11. gr. auglýsingarinnar skulu miða við að halda markmiðum friðlýsingarinnar.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnuninni hefur ekki borist leyfisumsókn vegna ofangreindrar framkvæmdar.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur